



ORKUSTOFNUN

**Varðandi fyrirspurn Hitaveitu Akureyrar um
útfellingahættu við notkun varmadælu**

**Hrefna Kristmannsdóttir
Jón Örn Bjarnason**

Greinargerð HK-JÖB-83-08

VARDANDI FYRIRSPURN HITAVEITU AKUREYRAR UM ÚTFELLINGAHÆTTU

VIÐ NOTKUN VARMADÆLU

Eins og margoft hefur komið fram í umsögnum um jarðhitavatn í Eyjafirði er lítil hætta á útfellingum við nýtingu þess. Við kælingu á retúrvatni frá Hitaveitunni niður í $4-20^{\circ}\text{C}$ í varmadælu hefur verið talið að fræðilegur möguleiki gæti verið á kísilútfellingum, þótt ekki væri líklegt að hraði útfellingar yrði svo verulegur að útfellingar yrðu í varmaskiptunum. Til að fræðilegur möguleiki sé á að kískill falli út úr vatni þarf það að hafa náð yfirmettun með tilliti til ókristallaðs kísiloxyðs (ópals). Útreikningar, sem gerðir voru nú í tölvu Orkustofnunar, sýna hins vegar að retúrvatnið nær ekki yfirmettun miðað við ókristallað kísiloxyð við kælingu í 4°C . Ekki er talin hætta á útfellingu neinna annarra efna úr retúrvatninu.

Varðandi upphitun á vatni frá Glerárdal í 80°C þótti rétt að athuga möguleika á kalkútfellingum. Því voru reiknaðar út þær breytingar sem verða á mettunarstigi vatnsins miðað við kalk við upphitun þess í 80°C . Engar teljandi breytingar reyndust verða við það. Ekki er því talin hætta á útfellingu kalks.

Lítil hætta er því talin á útfellingum af neinu tagi við notkun varmadælu á þann hátt sem Hitaveita Akureyrar fyrirhugar.

Jarðhitavatnið er lítið tærandi eins og það kemur úr borholunum á flestum vinnslusvæðunum, en súrefnismengun hefur reynst verða í hitaveitutanki. Vegna hás magns súrefnis í vatninu í hitaveitutanki hlýtur tæringarhætta að vera veruleg við notkun varmadælu.